



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 64/2011

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu ORS ehf.,
sem er rekstraraðili verslunarinnar Orginal, að fara að
tilmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

Hinn 1. apríl 2011, kom starfsmaður Neytendastofu í verslunina Orginal, Hafnargötu, Reykjanesbæ í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að vörur í sýningarglugga verslunarinnar voru óverðmerktar.

Starfsmaður Orginal kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns Orginal. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Orginal, dags. 29. apríl 2011, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim tilmælum beint til Orginal að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.

Hinn 25. maí 2011, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá fyrirtækinu. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga í sýningarglugga verslunarinnar var óbreytt. Starfsmaður Orginal

kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til ORS ehf., sem er rekstaraðili verslunarinnar Orginal, dags. 23. júní 2011, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur ORS ehf., rekstraraðili verslunarinnar Orginal, ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar. Þann 31. maí 2011 tóku gildi nýjar reglur um verðmerkingar og einingaverð við sölu á vörum nr. 536/2011. Ákvæði nýrra reglna um skyldu til verðmerkinga fela í sér sömu grunnskilyrði og eldri reglur nr. 725/2008. Skoðanir Neytendastofu áttu sér stað í gildistíð eldri reglna nr. 725/2008 og fer því um skyldu til verðmerkinga í máli þessu eftir hinum eldri reglum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 4. gr. verðmerkingareglanna:

„Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluaðilum. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vöru með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.“

Í 3. gr. segir m.a.:

„Verðmerkja skal vöru þar sem hún er höfð til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum og þjónustu þar sem hún er boðin.

Verðmerkingin skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.“

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum ber ORS að verðmerkja allar söluvörur sínar.

Með því að verðmerkja ekki söluvörur í sýningarglugga hefur ORS brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á ORS stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.
Ákvörðunarorð:

„ORS ehf., Krókhálsi 4, Reykjavík hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, með því að verðmerkja ekki söluvörur sínar í sýningarglugga verslunarinnar Orginal. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á ORS ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 28. október 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir